

hið óskynjanlega er vitum vér ekki. Vér vitum aðeins að það er til, og að það er annars eðlis en hið skynjanlega.

Eg vona að þessi dæmi nægi til að sýna aðalstefnu rationalistanna. Auðvitað hefir þessi stefna tekið margháttuðum breytingum. Rationalistar nútímans hafa skoðanir mjög ólíkar þeim, sem rationalistar fyrri tíma höfðu. Sérstaklega hafa vísindalegar kenningar, eins og breytíþróunarkenningin t. d., átt mjög mikinn þátt í því að breyta skoðunum heimspekinganna á eðli tilverunnar. En þrátt fyrir það er samt aðalinn tak rationaliskrar heimspeki altaf hið sama, nefnilega að mynda skoðanakerfi, sem nái útyfir heildina, og sem útskýri eðli heildarinnar á einhvern þann hátt að hugsun mannsins, sem ávalt leitar að einhverju síðasta, einhverju sem hún getur hvílt sig við, sé fullnægt. Rationalistinn lætur sér ekki nægja með þekkingarbrotin, honum finst skynjanin komast alt of skamt, honum finst sá heimur, sem vér þekkjum vera aðeins hálfur heimur og þess vegna myndar hann nýjan heim, sem samanstendur af afdregnum ályktunum, heim, sem er fullkominn, sem er algjör, og sem samanborin við þenna heim, er virkileikur hjá skugga. En mörgum virðist hinn verulegi heimur rationalistanna altof þokukendur, virðist að margar af hugmyndum þeirra séu í rauninni ekkert nema heilaspuni, og vilja byggja allar skoðanir um hið óþekta á reynsluþekkingu. Sérstaklega eru það þeir, sem álíta að sannreyndir séu hinn traustasti grundvöllur allra skoðana. Á meðal þeirra, sem þannig hugsa, er pragmatistana að finna.

Hvað hefir þá pragmatisminn að bjóða fyrir hinar afdregnu skoðanir og algildu meginreglur rationalismans? Pragmatistarnir segja að í fyrsta lagi verði öll heimspeki að byggjast á þeirri vísindalegu þekkingu, sem vér höfum á heiminum í kring um oss — á reynslu vorri í viðtækasta skilningi. Að svo miklu leyti eru þeir alveg sammála vísindamönnum þeim, sem halda fram, að yfirskilvitlegar (metaphysical) hugmyndir séu í raun og veru ósannanlegar frá þekkingarlegu sjónarmiði. En þeir neita ekki, eins og margir vísindamenn gera, að þær geti haft gildi frá einhverju öðru sjónarmiði skoðað. Vísindamaðurinn þekkir ekkert annað gildi en þekkingarlegt gildi; fyrir hann